

Efni: Umsögn um 539. mál, frumvarp til laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 (rafvæðing smábáta).

Sendandi: Grænafl ehf.

Grænafl ehf. fagnar áformum um hagræna hvata til rafvæðingar strandveiðibáta. Ljóst er að ef markmið stjórnvalda um orkuskipti í sjávarútvegi eiga að nást, þarf að beita öllum þeim aðferðum sem stjórnvöld búa yfir til að styðja við umbreytinguna. Þar skipta hagrænir hvatar miklu, en einnig stuðningur við umskipti sem og það að beita skatta- og gjaldakerfi til að hvetja til notkunar vistvænnar orku.

Grænafl ehf. vinnur að breytingu eldri báta þannig að þeir keyri á rafmagni eingöngu og fagnar öllum skrefum í átt til þess að draga úr útblæstri strandveiðiflotans. Ljóst er að það er kostnaðarsamt að rafvæða strandveiðibát, hvort heldur sem eldri báti er breytt eða fjárfest er í nýjum. Að auka heimildir í hverri veiðiferð um 100 kg. er skref í rétta átt, en ef stjórnvöld vilja hraða orkuskiptum þurfa hagrænu hvatarnir að vera enn meiri.

Grænafl ehf. hvetur atvinnuveganefnd Alþingis til að beita sér fyrir enn meiri ívilnunum fyrir báta sem keyra á vistvænni orku. Þá hvetur Grænafl til þess að vinna verði hafin við niðurfellingu gjalda og tolla á nauðsynlegum búnaði, líkt og gert var varðandi rafvæðingu bílaflotans. Ef ætlunin er að hvetja eigendur smábáta til að fara í kostnaðarsamar breytingar á bátum sínum, liggur ljóst fyrir að enn meiri hagræna hvata og ívilnanir þarf til.

Að lokum vill Grænafl nýta tækifærið til að hvetja til enn frekari aðgerða í þessum efnunum. Besta leiðin til að ýta við fyrirtækjum til þess að fara í breytingar er að setja skýr mælanleg markmið til lengri tíma. Grænafl hvetur Alþingi til að setja í lög að eftir ákveðinn árafjöldi skuli allir strandveiðibátar notast við vistvæna orkugjafa. Með slíku yrðu markmið stjórnvalda ljós, en um leið yrði fólki gefinn nægur tími til að bregðast við. Má í þeim efnunum horfa til samþykktu um að árið 2030 verði nýskráning bíla sem knúnir eru jarðefnaeldsneyti óheimil.

Virðingarfyllt,

Kolbeinn Óttarsson Proppé
Framkvæmdastjóri Grænafls